

**Nd.**

**761. Frumvarp til laga**

[412. mál]

um dráttarvexti o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um allar fjárkröfur á sviði fjármunaréttar. Þeim skal þó því aðeins beitt, að ekki sé annað boðið í lögum, leiði af samningum eða venju.

2. gr.

Dráttarvextir reiknast af fjárkröfu frá gjalddaga hennar sé hann fyrir fram ákveðinn.

Nú er ekki samið um gjalddaga kröfu og er þá heimilt að reikna dráttarvexti þegar liðinn er mánuður frá því, að kröfuhafi krafði skuldara sannanlega um greiðslu og áskildi sér rétt til heimtu dráttarvaxta. Sé sá mánaðardagur, sem greiðslukrafan miðar við, ekki til í hinum næsta mánuði, skal skuldari greiða dráttarvexti frá síðasta degi þess mánaðar.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er ætíð heimilt að reikna dráttarvexti frá þeim tíma, að dómsmál telst höfðað til heimtu kröfunnar, sbr. þó 10. gr. um skaðabætur.

3. gr.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem þegar verulegur vafi þykir hafa verið um réttmæti og stærð kröfu eða kröfuhafi þykir hafa sýnt verulegt tómlæti við heimtu kröfunnar, geta dómstólar ákveðið, að upphafstími dráttarvaxta skuli vera annar en leiðir af 2. gr. laga þessara.

4. gr.

Dráttarvextir af fjárkröfum í íslenskum gjaldmiðli ákveðast af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti, að ávöxtun nýrra almennra útlána samkvæmt 2. mgr. skal margfölduð með tölunni 1.05 og síðan bætt við tölunni 5. Seðlabanki Íslands getur hækkað margfeldistöluna í allt að 1.10 og skal þá hækka viðbótartöluna með sama hætti í allt að 10.

Seðlabanki Íslands skal reikna vegið meðaltal á ávöxtun nýrra almennra útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum tvisvar á ári, þ. e. 21. júní og 21. desember ár hvert. Meðaltal þetta skal birta í Lögbirtingablaði ásamt útreikningi á hæð dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr., og skal sá útreikningur gilda frá 1. júlí og 1. janúar ár hvert. Ef sérstaklega stendur á, svo sem ef verulegar breytingar verða á útlánskjörum viðskiptabanka og sparisjóða, er Seðlabanka Íslands heimilt að reikna oftár meðalársvöxtun útlána og hæð dráttarvaxta. Skal sá útreikningur gilda frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaði og þar til ný ákvörðun tekur gildi.

Viðskiptaráðherra setur, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands, nánari reglur um útreikning meðalársvöxtunar samkvæmt þessari grein.

Þegar greiða skal dráttarvexti samkvæmt lögum þessum skulu samningsvextir, verðbætur eða annað umsamið álag falla niður.

5. gr.

Dráttarvextir af löglegum fjárkröfum í erlendum gjaldmiðli ákveðast af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti, að meðalvextir viðkomandi gjaldmiðils á innlendum gjaldeyrisreikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum skulu margfaldaðir með tölunni 1.05 og bætt við tölunni 5. Seðlabanki Íslands getur með sama hætti og segir í 1. mgr. 4. gr. hækkað margfeldistöluna í 1.10 og viðbótartöluna í 10.

Seðlabanki Íslands skal reikna út meðalvexti samkvæmt 1. mgr. á sömu dögum og tilteknir eru í 2. mgr. 4. gr. og birta samtímis í Lögbirtingablaði. Um gildistíma þessara dráttarvaxta skal gilda hið sama og segir í 2. mgr. 4. gr.

Sé um að ræða gjaldmiðil, sem ekki er heimilt að eiga á gjaldeyrisreikningi hér á landi, eða gjaldmiðil, sem ekki er skráður hér á landi, skal miða við vexti af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum í hlutaðeigandi landi samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands.

6. gr.

Pegar sérstaklega stendur á geta dómstólar dæmt hærri eða lægri dráttarvexti en greinir í 4. og 5. gr.

7. gr.

Ef atvik, sem skuldara verður ekki um kennt, valda því, að greiðsla berst ekki, skal ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður af þessum sökum.

8. gr.

Sé mál höfðað til heimtu kröfu og dráttarvaxta krafist má, þrátt fyrir ákvæði 88. gr. og 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981, dæma dráttarvexti frá þeim tíma, er mál telst höfðað, til greiðsludags, þó vaxtahæð sé eigi tilgreind í stefnu.

9. gr.

Nú hafa aðilar samið um vaxtakjör, er gilda skulu fram að gjalddaga, og vaxtakjör þessi eru kröfuhafa hagstæðari en þeir vextir, sem reiknast mundu samkvæmt 4. og 5. gr. laga þessara, og skulu þá hin umsömdu vaxtakjör gilda einnig eftir gjalddaga, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 4. gr., enda verði vaxtakjör þau, er um var samið, ekki talin fara í bága við reglur III. kafla laga nr. 7/1936.

10. gr.

Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá þeim degi, er hið bótaskylda atvik átti sér stað, sem vera skulu jafnir og vegið meðaltal vaxta á almennum sparisjóðsbókum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Slíkar kröfur skulu bera vexti skv. 1. mgr. 4. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi hefur sannanlega lagt fram þær upplýsingar, sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta.

Seðlabanki Íslands skal reikna út meðalársvexti samkvæmt 1. mgr. á sömu dögum og tilgreindir eru í 2. mgr. 4. gr. og birta samtímis í Lögbirtingablaði. Skal um gildistíma fara eftir sama ákvæði.

11. gr.

Beita skal ákvæðum laga þessara um fjárkröfur utan sviðs fjármunaréttarins eftir því sem við á.

12. gr.

Lög þessi taka til allra fjárkrafna, sem falla í gjalddaga eftir 1. janúar 1987.

13. gr.

- Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:
- a. 5. gr. laga nr. 58 frá 28. júní 1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl., sbr. lög nr. 71 frá 22. maí 1965 um breytingu á þeim lögum.
  - b. Lög nr. 56 frá 30. maí 1979 um dómvexti.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Nú segir í lánssamningi gerðum fyrir gildistöku þessara laga, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir, eins og þeir eru á hverjum tíma, og skulu þá dráttarvextir þessir vera samkvæmt 4. gr. laga þessara.

Segi í lánssamningi um verðtryggt lán, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að verðtrygging skuli haldast, ef greiðsludráttur verður, skal regla 4. gr. laga þessara gilda allt að einu um lánssamning þennan.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

*Almennar athugasemdir.*

Samkvæmt ákvæðum 13. gr. laga nr. 10/1961 hefur Seðlabanki Íslands heimild til að ákveða hámark og lágmark vaxta, sem innlánsstofnanir mega reikna af innlánnum og útlánnum. Þá hefur Seðlabankinn ákveðið dráttarvexti samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 58 1960, sbr. lög nr. 71/1965. Seðlabankinn hefur einnig ákveðið vexti og dráttarvexti af verðtryggðum skuldbindingum samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979.

Í framkvæmd hafa vaxtaákvæðanir Seðlabankans gilt bæði innan og utan innlánsstofnana.

Í allmörgum lögum eru sérákvæði um vexti og dráttarvexti.

Ýmis atriði varðandi dráttarvexti hafa valdið vafa og deilum. Má þar til nefna upphafstíma dráttarvaxta, dráttarvexti að því er varðar kröfur í erlendri mynt.

Af þeim sökum ber nauðsyn til að settar verði lagareglur um dráttarvexti, bæði um ákvörðun þeirra og önnur atriði. Eru settar fram í þessu frumvarpi tillögur að slíkum lagareglum, þ. á m. hvernig ákveða skuli dráttarvexti af fjárkröfum á sviði fjármunaréttarins, upphafstíma dráttarvaxta o. fl. Frumvarpið er samið af Benedikt Sigurjónssyni, fyrrv. hæstaréttardómara, og Viðari Má Matthíassyni, hdl., í samvinnu við viðskiptaráðuneytið og Seðlabanka Íslands.

Vegna sérstöðu skaðabótakrafna eru þær kröfur teknar sérstaklega og gerðar tillögur að reglum bæði um hæð vaxta og dráttarvaxta svo og upphafstíma dráttarvaxta.

Þá er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að dómstólum verði í undantekningartilvikum veittar heimildir til að breyta dráttarvöxtum eða upphafstíma þeirra, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Ákvæði frumvarps þessa eru við það miðuð, að gerðar séu breytingar á gildandi lögum um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa, nr. 7/1936, en frumvarp um það efni hefur verið lagt fram á Alþingi, 108. löggjafarþingi.

Í fylgiskjöllum með frumvarpi þessu er að finna drög að lagafrumvörpum þar sem gert er ráð fyrir að nokkrum lagaákvæðum um dráttarvexti verði breytt til samræmis við ákvæði þessa frumvarps. Frumvörpin verða lögð fram í upphafi þings á hausti komandi í samvinnu við hlutaðeigandi fagráðuneyti. Frumvörpin sem hér um ræðir eru frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 39/1922, um lausafjárkaup, frumvarp til laga um breytingu á víxillögum,

nr. 93/1933, frumvarp til laga um breyting á tékkalögum, nr. 94/1933, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarps þessa er fjallað um gildissvið þess. Lagt er til að reglur frumvarpsins gildi um allar fjárkröfur á sviði fjármunaréttar.

Með orðinu fjárkröfur er átt við peningakröfur hvers konar, bæði kröfur í innlendri og erlendri mynt. Reglur frumvarpsins eiga ekki við um aðrar kröfur en fjárkröfur. Krafa þarf hins vegar ekki að vera fjárkrafa frá upphafi, hún getur t. d. verið upphaflega krafa um afhendingu á vöru eða því um líkt, en síðar vegna vanefnda breyst í fjárkröfu og eiga þá reglur frumvarps þessa við frá því tímamarki að öðrum skilyrðum frumvarpsins uppfylltum. Fjárkrafa getur verið krafa um endurgreiðslu, t. d. þegar kaupum er rift eða þegar rift er ráðstöfun samkvæmt VIII. kafla laga nr. 6/1978 og krafið um endurgreiðslu auðgunar skv. 62. gr. þeirra laga, eða bótakrafa samkv. 63. gr. laganna, þó að því tilskildu að fyrir liggja upplýsingar um fjárhæð bóta.

Reglur frumvarpsins taka einnig til krafna um greiðslu févítis og hliðstæðra krafna á sviði fjármunaréttar.

Reglur frumvarpsins munu, ef það verður að lögum, gilda á sviði fjármunaréttar, samkvæmt 1. gr. frumvarpsins. Þessi regla afmarkar gildissvið reglna frumvarpsins þó ekki skýrlega. Kemur þar hvort tveggja til, að mörk fjármunaréttar og annarra réttarsviða eru ekki skýrlega afmörkuð né óundeild, auk þess sem það leiðir af 11. gr. frumvarpsins, að reglum þess verður beitt utan sviðs fjármunaréttar þar sem það á við. Samkvæmt þessu má ætla að reglum frumvarpsins, ef það verður að lögum, verði beitt einnig utan sviðs fjármunaréttar, nema lög bjóði annað eða það leiði sérstaklega af atvikum.

Í 2. málslíð 1. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að reglurnar verði frávikjanlegar, þ. e. að reglur framvarpsins, ef það verður að lögum, víki fyrir samningum um atriði sem reglur frumvarpsins taka til. Þess ber þó að geta, að samningsfrelsi manna er takmarkað m. a. af reglum III. kafla laga nr. 7/1936 og öðrum reglum. Lagt er til að hið sama eigi við um venju. Frumvarpið er því að þessu leyti hliðstætt I. kafla laga nr. 7/1936, sbr. 1. gr. þeirra laga, og lögum nr. 39/1922, sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarps þessa eru tillögur að reglum um það, hvenær heimilt sé að hefja töku dráttarvaxta og hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að slík heimild verði virk.

Að því er varðar upphafstíma heimildar til töku dráttarvaxta eru reglurnar að meginstefnu til tvíþættar, þ. e. þegar gjalddagi er ákveðinn og þegar slíkt er ekki gert.

**1. málsg.**

Í þessari málsgrein er lagt til að dráttarvextir af fjárkröfum þeim, sem frumvarpið tekur til, reiknist frá gjalddaga í þeim tilvikum sem hann er ákveðinn.

Gjalddagi er sá dagur þegar kröfuhafi getur krafist greiðslu á kröfunni. Ef atvik eru með þeim hætti, að kröfuhafi geti ekki krafist greiðslu á kröfunni nema að undangenginni uppsögn eða tilkynningu með tilteknum fresti, er gjalddagi kröfunnar fyrst að þessum fresti liðnum.

Það er meginregla, að gjalddagi sé fyrir fram ákveðinn, þannig að oftast mundi þessi regla frumvarpsins eiga við, ef það verður að lögum.

## 2. málsg.

Ef gjalddagi er ekki ákveðinn, gildir regla þessa ákvæðis frumvarpsins. Samkvæmt þessu ákvæði er kröfuhafa heimilt að reikna dráttarvexti á kröfuna þegar liðinn er einn mánuður frá því að hann krafði skuldara sannanlega um greiðslu. Ljóst er að kröfuhafi verður að hafa heimild til að krefja um greiðslu kröfunnar svo krafa um greiðslu geti veitt honum rétt til töku dráttarvaxta samkv. þessu ákvæði. Það er skilyrði, að greiðslu hafi verið krafist með sannanlegum hætti. Um sönnun fyrir því, að greiðslu hafi verið krafist, gilda almennar sönnunarreglur. Það er ekki nægilegt að senda kröfu um greiðslu með sannanlegum hætti, heldur verður krafan að vera ákveðins efnis, fram verður að koma áskilnaður kröfuhafa um það, að dráttarvaxta verði krafist. Slík greiðslukrafa er ákvöð, sem bindur móttakandann frá þeim degi sem hún kom til hans.

Af þessari málsgrein leiðir einnig, að ef greiðslukrafa með áskilnaði um töku dráttarvaxta kemur til skuldara 30. janúar yrði heimilt að taka dráttarvexti frá 28. febrúar (29. febrúar á hlaupári).

## 3. málsg.

Í þessu ákvæði felst regla um það, að dráttarvexti megi ávallt reikna af kröfu frá þeim tíma er mál telst höfðað til heimtu hennar. Þessi regla á þó ekki við um skaðabætur, sbr. 10. gr. Mál telst höfðað þegar stefna er birt eða þegar stefndi mætir óstefndur fyrir dómi, sbr. 103. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og 30. gr. laga nr. 28/1981 um breytingu á þeim lögum.

### Um 3. gr.

Þetta ákvæði frumvarpsins hefur að geyma undantekningarreglu, sem beita má í sérstökum tilvikum, ef regla 2. gr. mundi leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu. Er nauðsynlegt að dómstólar hafi nokkurt svigrúm í þessu efni.

Í ákvæðinu eru talin upp nokkur tilvik sem réttlætt gætu að undantekningarreglu þessari yrði beitt. Tilvik þessi eru ekki tæmandi talin, en hafa verður hugfast að hér er um að ræða undantekningu frá meginreglu 2. gr. frumvarpsins.

### Um 4. gr.

## 1. málsg.

Í þessari málsgrein er gerð tillaga að reglu um útreikning á hæð dráttarvaxta.

Hlutverk dráttarvaxta er almennt talið tvíþætt. Þeim er í fyrsta lagi ætlað að hvetja til lögmætra efnda á fjárkröfum. Í öðru lagi er þeim ætlað að bæta kröfuhafa það tjón, sem almennt má ætla að greiðsludráttur baki honum, án þess að hann þurfi að færa sönnur á, hvert raunverulegt tjón hans vegna greiðsludráttarins er. Með hliðsjón af þessum forsendum er regla þessarar málsgreinar við það miðuð, að dráttarvextir verði alltaf nokkru hærri en ávöxtun nýrra almennra útlána hjá viðskiptaböndum og sparisjóðum á hverjum tíma. Í frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands er gert ráð fyrir sem meginreglu að bankinn ákveði ekki vexti hjá viðskiptaböndum og sparisjóðum. Byggja má á því, að viðskiptabankar og sparisjóðir tryggi að ávöxtun útlána verði almennt hærri en verðbólga á hverjum tíma.

Sú regla, sem lagt er til að lögfest verði, miðar við að dráttarvextir verði í raun alltaf hinir sömu, hvort sem verðbólga er mikil eða lítil, þ. e. að raunvextir greiðsludráttar verði fastir. Raunvextir greiðsludráttar hafa verið mjög svo breytilegir á síðustu árum og er slíkt óheppilegt.

Með orðinu ávöxtun er hér átt við ígildi vaxta sem greiddir eru eftir á einu sinni á ári.

Með orðunum ný almenn útlán er átt við ný óverðtryggt skuldabréfa- og víxillán.

Af ákvæði 1. mgr. leiðir að ákvörðunarvald Seðlabanka Íslands, að því er varðar hæð dráttarvaxta, takmarkast við að ákveða margfeldistölu þá, sem tilgreind er í ákvæðinu, og þá tölu, sem bæta skal við, þó innan þeirra marka, að margfeldistalan skal vera á bilinu 1.05 til

1.10 og sú tala, sem bætt er við niðurstöðuna, skuli vera á bilinu 5 til 10. Af sjálfu sér leiðir að fullt innbyrðis samræmi verður að vera milli talna þessara, þ. e.:

Ef margfeldistalan er 1.05 skal bæta við 5  
Ef margfeldistalan er 1.06 skal bæta við 6  
Ef margfeldistalan er 1.07 skal bæta við 7  
Ef margfeldistalan er 1.08 skal bæta við 8  
Ef margfeldistalan er 1.09 skal bæta við 9  
Ef margfeldistalan er 1.10 skal bæta við 10

Reglan byggist á því að fyrst sé fundin ávöxtun nýrra almennra útlána í samræmi við 2. mgr. Nú (mars 1986) mundi sú tala vera 21. Reiknireglan yrði því þessi, ef tölurnar 1.05 og 5 eru notaðar:

$$21 \times 1.05 + 5 = 27.05$$

Ef tölurnar 1.10 og 10 eru notaðar, mundi hæð dráttarvaxta vera:

$$21 \times 1.10 + 10 = 33.10$$

Þessi hæð dráttarvaxta er hliðstæð því sem hæð dráttarvaxta er frá 1. mars 1986, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 27. febrúar 1986.

## 2. málsgr.

Í þessari málsgrein er gerð tillaga um, að Seðlabanka Íslands verði falið að reikna út ávöxtun nýrra almennra útlána. Gert er ráð fyrir að um vegið meðaltal ávöxtunar sé að ræða. Með vagnu meðaltali er átt við að tekið sé tillit til vægis í útlánum hvers viðskiptabanka og sparisjóðs, þ. e. bæði vægis milli skuldabréfalána og víxillána, og umfangs útlána hjá hverjum viðskiptabanka og sparisjóði.

Lagt er til að meginreglan verði sú, að Seðlabanki Íslands framkvæmi útreikning samkvæmt þessu ákvæði tvisvar á ári, þ. e. 21. júní og 21. desember, og birti í Lögbirtingablaði ásamt niðurstöðu af útreikningi á hæð dráttarvaxta. Meginreglan yrði þá sú, ef frumvarpið yrði að lögum, að dráttarvextir þeir, sem þannig væru reiknaðir, giltu frá og með 1. júlí til 31. desember og frá 1. janúar til 30. júní.

Þar sem verðlagsbreytingar geta orðið verulegar á skömmum tíma og hæð ávöxtunar þar með líka, er nauðsynlegt að í ákvæðinu sé svigrúm til að framkvæma útreikning þennan oft og birta í Lögbirtingablaði. Er gerð tillaga um slíka reglu.

## 3. málsgr.

Í þessari málsgrein er lagt til að viðskiptaráðherra setji, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands, nánari reglur um útreikning meðalávöxtunar samkvæmt 2. mgr., eftir því sem nauðsyn verður. Lýtur þetta m. a. að því, hvernig hagað verður söfnun upplýsinga til að byggja á útreikning ávöxtunar.

## 4. málsgr.

Hér er lagt til að þegar greiða skal dráttarvexti samkvæmt reglum þessa frumvarps falli samningsvextir, verðbætur og annað umsamið álag niður. Þessi meginregla er óhjákvæmi- leg, þar eð dráttarvextir samkvæmt frumvarpinu miðast við þær forsendur, sem lýst er í athugasemdum við 1. málsgr. þessarar greinar.

Um 5. gr.

## 1. málsgr.

Í þessu ákvæði er sett fram tillaga að lagareglu um dráttarvexti á kröfur í erlendri mynt.

Nauðsynlegt er að tala um löglegar fjárkröfur í þessu sambandi. Það er meginregla íslensks réttar, að óheimilt sé að stofna til lánsviðskipta í erlendum gjaldmiðli. Þessa reglu

leiðir af 34. gr. laga nr. 13/1979, sbr. upphafsákvæði og 4. tl. 39. gr. þeirra laga, þar sem gert er ráð fyrir að heimild í lögum eða reglugerð þurfi að liggja til grundvallar slíkum lánsviðskiptum. Tekið skal fram að í frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, er ekki gert ráð fyrir að hin tilvitnuðu lagaákvæði verði numin úr gildi.

Reikniregla dráttarvaxta á erlendum fjárkröfum er hliðstæð reglu 1. mgr. 4. gr. þessa frumvarps. Hér er þó lagt til að byggt verði á meðalvöxtum þeim sem eru á viðkomandi gjaldmiðli á innlendum gjaldeyrisreikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Um skýringar á ákvæðinu má að öðru leyti vísa til athugasemda við 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

## 2. málsg.

Sjá skýringar við 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

## 3. málsg.

Parfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þessi regla frumvarpsins er undantekningarregla, sem gert er ráð fyrir að beita megi með hliðstæðum skilyrðum og reglu 3. gr., þ. e. ef reglur 4. og 5. gr. frumvarpsins mundu leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu.

Um 7. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að skuldara verði ekki gert að greiða dráttarvexti, ef um viðtökudrátt af hálfu kröfuhafa er að ræða. Til þess að um viðtökudrátt af hálfu kröfuhafa geti verið að ræða þarf skuldari að hafa bæði vilja og getu til að greiða og hann þarf að hafa gert kröfuhafa löglegt greiðslutilboð eða lagt féð inn á geymslureikning samkv. lögum nr. 9/1978.

Ákvæði þetta tekur einnig til þeirra tilvika er skuldara er rétt að halda að sér höndum um greiðslu, t. d. vegna vanefnda, eftir atvikum fyrirsjáanlegra vanefnda, af hálfu kröfuhafa.

Um 8. gr.

Þetta ákvæði frumvarpsins er í samræmi við reglur 3. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 um dómvexti, en lagt er til í 13. gr. frumvarps þessa að þau lög verði numin úr gildi. Nauðsynlegt er að hafa slíka heimild í lögum, þegar litið er til þess, að hæð dráttarvaxta getur breyst a. m. k. tvisvar á ári og málarekstur til heimtu kröfu getur tekið langan tíma. Ef frumvarp þetta verður að lögum mundi krafa bera þá dráttarvexti á hverjum tíma sem af útreikningi Seðlabankans leiddi skv. fyrirmælum 4. og 5. gr. frumvarps þessa.

Um það, hvenær mál telst höfðað, vísast til athugasemda við 3. mgr. 2. gr. frumvarps þessa.

Um 9. gr.

Parfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 10. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru sérreglur um vexti á skaðabætur. Er hér bæði átt við skaðabætur innan samninga og utan.

Lagt er til að kröfur um skaðabætur beri vexti frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað. Þeir vextir, sem hér um ræðir, eru ekki dráttarvextir, heldur vextir sem eru jafnir

og vegið meðaltal ársvaxta af almennum sparisjóðsbókum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Lagt er til að Seðlabanka Íslands verði falið að reikna út meðalársvexti þessa tvisvar á ári, þ. e. 21. desember og 21. júní ár hvert. Er lagt til að meðalársvextir samkvæmt þessum útreikningi, eins og þeir reiknast, gildi á sama tímabili og tilgreint er í 4. gr.

Þá er lagt til að kröfur um skaðabætur beri dráttarvexti þegar liðinn er mánuður frá þeim degi er kröfuhafi (tjónþoli) hefur sannanlega lagt fram þær upplýsingar, sem þörf er á til þess að meta tjónsatvik og/eða fjárhæð skaðabóta.

Í mörgum tilvikum liggja fyrir nægilegar upplýsingar um tjónsatvik og fjárhæð skaðabóta mjög skömmu eftir að tjónsatvik á sér stað. Sem dæmi um slík tilvik má nefna ef húftryggð bifreið eyðileggst í umferðaróhappi.

Í sumum tilvikum þarf að fá mat sérfróðra manna á orsökum galla á söluhlut og á fjárhæð skaðabóta. Heimild til að krefja um dráttarvexti mundi í slíkum tilvikum stofnast þegar liðinn er mánuður frá því, að kröfuhafi hafði sannanlega lagt fram slíkt mat.

Þegar um líkamstjón er að ræða þarf almennt að leggja fram örorkumat og útreikning sérfræðings á fjárhæð skaðabóta vegna tekjutaps er leiðir af örorku vegna tjónsatviks. Réttur til töku dráttarvaxta mundi stofnast er mánuður er liðinn frá því að kröfuhafi (tjónþoli) lagði sannanlega fram slíkan útreikning.

#### Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að ákvæðum frumvarpsins, ef það verður að lögum, verði beitt um fjárkröfur utan sviðs fjármunaréttarins eftir því sem við á.

Á sviði opinbers réttar eru í gildi mörg sérlagaákvæði um dráttarvexti. Má sem dæmi um þetta nefna 112. gr., sbr. og 4. mgr. 113. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, 2. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, með síðari breytingum, 1. mgr. 52. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolfteirlit, með síðari breytingum, 3. mgr. 53. gr. síðastnefndra laga, um aðflutningsgjöld, 5. mgr. 12. gr. laga nr. 36/1978 um stimpilgjald, 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, með síðari breytingum, 43. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, 4. mgr. 10. gr. laga nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, o. fl. Öllum þessum lagaákvæðum er það sameiginlegt, að þau kveða m. a. á um að reikna skuli dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands. Í þessu frumvarpi er ekki lagt til að lagaákvæðum þessum verði breytt eða þau numin úr gildi, og mun því Seðlabanki Íslands áfram ákvarða dráttarvexti samkvæmt þessum og öðrum sérlögum, ef frumvarp þetta verður að lögum. Ákvæðum þessa frumvarps um hæð dráttarvaxta skal þó beita á sviði opinbers réttar, þar sem sérlagaákvæðum er ekki til að dreifa. Um önnur atriði, svo sem um upphafstíma dráttarvaxta, skal beita reglum frumvarps þessa, ef það verður að lögum, einnig utan sviðs fjármunaréttar.

#### Um 12. gr.

Parfnast ekki skýringa.

#### Um 13. gr.

Parfnast ekki skýringa.

#### *Um ákvæði til bráðabirgða.*

Parfnast ekki skýringa.



## Fylgiskjal I.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup.**

1. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Um skyldu til að greiða vexti af kaupverðinu og öðrum greiðslum, sem ekki eru greiddar á gjalddaga, fer eftir ákvæðum laga um dráttarvexti o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

#### **Athugasemdir:**

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um dráttarvexti o. fl.

Í 38. gr. laga um lausafjárkaup eru ákvæði um vexti í þeim viðskiptum. Eru dráttarvextir ákveðnir 6% ársvextir í verslunarkaupum og 5% ársvextir í öðrum kaupaviðskiptum. Þá eru sérreglur um upphaf vaxtatíma. Ákvæði þessi eru algjörlega úrelt enda ekki eftir þeim farið, sbr. Hrd. 1979, bls. 1142.

Er því lagt til að um þessi viðskipti fari eftir almennum reglum sem fram koma í frumvarpi að lögum um dráttarvexti o. fl.

Frumvarpið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

## Fylgiskjal II.

### **Frumvarp til laga um breytingu á víxillögum, nr. 93 19. júní 1933, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 54 18. maí 1965 um breytingu á þeim lögum.**

1. gr.

2. tl. 1. mgr. 48. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1965, orðist svo:  
Dráttarvaxta frá gjalddaga samkvæmt lögum um dráttarvexti o. fl.

2. gr.

2. tl. 49. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 54/1965, orðist svo:  
Dráttarvaxta samkvæmt lögum um dráttarvexti o. fl. af fjárhæð þeirri er 1. tl. greinir frá þeim degi er hann greiddi hana.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

**Athugasemdir:**

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um dráttarvexti o. fl.

Samkvæmt 48. og 49. gr. víxillaga, eins og þeim greinum var breytt með lögum nr. 54 1965, getur víxilhafi eða sá sem víxil hefur leyst til sín krafði þá, sem víxilábyrgð bera gagnvart honum, um dráttarvexti frá gjalddaga að greiðsludegi, þá hæstu sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka. Í fyrrgreindu frumvarpi til laga um dráttarvexti er gert ráð fyrir að dráttarvextir verði ekki ákveðnir af Seðlabankanum, heldur ákveðnir með lagareglu. Er því rétt að breyta fyrrgreindum ákvæðum víxillaganna í samræmi við það.

Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki skýringa.

**Fylgiskjal III.**

**Frumvarp til laga**

**um breytingu á tékkalögum, nr. 94 19. júní 1933, sbr. lög nr. 55 18. maí 1965  
um breytingu á þeim lögum.**

1. gr.

2. tl. 45. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1965, orðist svo:

Dráttarvaxta samkvæmt lögum um dráttarvexti o. fl. af þeirri fjárhæð frá sýningardegi.

2. gr.

2. tl. 46. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1965, orðist svo:

Dráttarvaxta samkvæmt lögum um dráttarvexti o. fl. af fjárhæð þeirri frá þeim degi er hann greiddi hana.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

**Athugasemdir:**

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um dráttarvexti o. fl.

Samkvæmt 45. og 46. gr. tékkalaga, eins og þeim greinum var breytt með lögum nr. 55 1965, getur tékkahafi eða sá sem leyst hefur tékka til sín krafði þá, sem tékkaábyrgð bera gagnvart honum, um dráttarvexti frá gjalddaga að greiðsludegi, þá hæstu sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka. Í fyrrgreindu frumvarpi að lögum um dráttarvexti o. fl. er gert ráð fyrir að dráttarvextir verði ekki ákveðnir af Seðlabankanum, heldur ákveðnir með lagareglu. Er því rétt að breyta ákvæðum tékkalaganna í samræmi við það.

Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki skýringa.

**Fylgiskjal IV.**

**Frumvarp til laga**  
**um breytingu á lögum nr. 55 9. júní 1980, um starfskjör launafólks**  
**og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.**

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Verði dráttur á greiðslu iðgjalda samkvæmt lögum þessum skal skuldari greiða dráttarvexti af skuldinni frá gjalddaga samkvæmt lögum um dráttarvexti o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Athugasemdir:

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um dráttarvexti o. fl.

Samkvæmt 7. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda skal greiða dráttarvexti af vangoldnum iðgjöldum, þá hæstu sem Seðlabankinn heimilar innlánsstofnunum að taka.

Í fyrrgreindu frumvarpi að lögum um dráttarvexti o. fl. er gert ráð fyrir að dráttarvextir verði ekki ákveðnir af Seðlabankanum heldur með lagareglum. Er því rétt að breyta lagaákvæði þessu í samræmi við það.

Frumvarpið þarfnast ekki frekari skýringa.

**Fylgiskjal V.**

**Frumvarp til laga**  
**um breytingu á lögum nr. 20 8. mars 1954, um váttryggingarsamninga.**

1. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna orðist svo:

Félagið skal greiða vexti af fjárhæðinni frá gjalddaga í samræmi við ákvæði laga um dráttarvexti o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

**Athugasemdir:**

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um dráttarvexti o. fl.

Í 3. mgr. 24. gr. laga um váttryggingarsamninga er ákveðið að váttryggingarfélag skuli greiða vexti af váttryggingarfjárhæð frá gjalddaga hennar, en ákvæði um gjalddaga eru í 1. mgr. greinarinnar. Vextirnir eru ákveðnir 1% p. a. lægri en víxilvextir Landsbankans.

Rétt þykir að fella þessi vaxtaákvæði að reglum þeim sem settar eru fram í 3. gr. frumvarps til laga um dráttarvexti o. fl., enda ekki ástæða hér til sérreglna.

Frumvarpið þarfnast ekki frekari skýringa.